

Alþingi
Erindi nr. P 125/1040
komudagur 14.3.2000



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B/t Björns Þorvaldssonar, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2000.

Efni: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (260. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um framangreint frumvarp. Eitt meginmarkmið þess er að rýmka gildandi fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna. Verslunarráð fagnar þeirri stefnumörkun en telur þó að ekki sé gengið nægjanlega langt hvað þetta varðar og vill í því efni koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr.:

1. Í stað "10%" í 1. málsf. c-liðar komi: 20%.

Verslunarráð gerði á sínum tíma athugasemdir við að binda ákvæði 3. mgr. við innlenda aðila og því er fagnaðarefni að nú skuli ætlunin að útvíkka ákvæðið til aðila innan OECD. Hins vegar telur Verslunarráð 10% viðmiðunarmörk hvað varðar fjárfestingu í óskráðum félögum of lág og leggur til að þau verði hækkuð í 20%.

2. Í stað "50%" í f-lið komi: 70%.

Verslunarráð leggur til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum hækki meir en frumvarpið gerir ráð fyrir. Í því sambandi skal bent á að eftir því sem eignir sjóðanna stækka minnka líkur á því að framboð fjárfestinga innanlands fullnægi þörfum sjóðanna. Við slíkar aðstæður er mikiivægt að löggin takmarki ekki möguleika sjóðanna á að fjárfesta í öðrum myntum.

Þá er rétt að benda á að mistök hafa orðið við greinaniðurröðun 9. og 10. gr. frumvarpsins, þar sem breytingartillaga við 54. gr. laganna kemur á undan tillögu við 51. gr. laganna.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands,


Guðjón Rúnarsson

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is